

ORIGO HF: Úthlutun kaupréttanna

ORIGO HF: Úthlutun kaupréttanna

Á fundi stjórnar Origo hf. þann 26. maí 2022 var ákveðið að veita tilteknum lykilstarfsmönnum og forstöðumönnum félagsins kauprétti að allt að 3.390.000 hlutum í félaginu.

Kaupréttarsamningarnir eru veittir í því skyni að samtvinnna hagsmuni félagsins og lykilstarfsmanna til lengri tíma. Skilmálar kaupréttarsamninganna eru í samræmi við kaupréttarkerfi sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 6. mars 2020 og starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 3. mars 2022. Meginefni kaupréttarsamninganna er sem hér segir:

- Innlausnarverð kaupréttanna er kr. 63 á hlut sem jafngildir dagslokagengi hlutabréfa í félaginu á NASDAQ Iceland miðvikudaginn 25. maí 2022, daginn fyrir úthlutunardag og skal kaupverðið leiðrétt fyrir arðgreiðslum sem kunna að vera ákveðnar á ávinnslutíma kaupréttanna.
- Ávinnslutími er þrjú til fimm ár frá úthlutun. Innlausnartímabil skal vera þegar í stað eftir ávinnslutíma og/eða inna árs þaðan í frá (innan sérstakra innlausnartímabila). Þó þannig að komi til þess að breyting verði á yferráðum félagsins, eins og fjallað er um í 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, ávinnast allir útistandandi kaupréttir þegar í stað.
- Almennu skulu kaupréttir falla niður fyrir ávinnslutíma ef ráðningarsambandi kaupréttarhafa við félagið er slitið.
- Kaupréttarhavar skuldbinda sig meðan þeir starfa hjá félaginu til þess að halda a.m.k. 10% þeirra hluta sem þeir kaupa á grundvelli kaupréttar.

Í kjölfar úthlutunar kaupréttanna nemur heildarfjöldi útistandandi kaupréttanna sem Origo hf. hefur veitt lykilstarfsmönnum sínum 17.440.000 hlutum eða um 4% hlutfjár í félaginu. Heildarkostnaður félagsins vegna kaupréttarsamninga sem hér er tilkynnt um á næstu fimm árum er áætlaður um 54 mkr byggt á reiknilíkani Black-Scholes.

Viðhengi

ORIGO HF: Úthlutun kaupréttanna